

Fundargerð

14. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum.
27. september 2022 klukkan 13:00 í fundarsal Skipulagsstofnunar, Eldgjá

Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Ásta Þorleifsdóttir (ÁP), Eydís Ásbjörnsdóttir (EÁ), Freydís Vigfúsdóttir (FV) og Gauti Jóhannesson (GJ). Hreinn Hrafnkelsson (HH) og Elfa Hlín Pétursdóttir (EHP) tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarúnað. Jón Björn Hákonarson (JBH) var fjarverandi.

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ), Hrafnkell Á. Proppé (HÁP) og Guðrún Jensdóttir (GJd), sem ritaði fundargerð.

MJ setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá fundar:

1. Tímaáætlun fyrir vinnu við skipulagstillögu eftir kynningartíma

HÁP kynnti svæðisráði 12 vikna tíma- og viðbragðsáætlun til úrvinnslu á athugasemdum sem bárust vegna skipulagstillögunnar. Á þeim tíma þarf svæðisráð að taka afstöðu til allra athugasemda og meta hvort þær gefi tilefni til breytingar á auglýstri tillögu. Tímaáætlun gerir ráð fyrir að svæðisráð Austfjarða ljúki við endanlega tillögu inna tilsetts frests, eða fyrir 8. desember 2022.

Samþykkt að vinna eftir tímaáætlun og boða fundi svæðisráðs 1. nóvember og 6. desember 2022.

2. Umfjöllun um framkomnar athugasemdir

Kynningartíma skipulagstillögunnar lauk 15. september 2022. Borist hafa 92 umsagnir eða athugasemdir við tillöguna og er beðið eftir þremur til viðbótar.

Fulltrúar í svæðisráði ræddu inntak framkominna athugasemdir, helstu áhersluatriði sem bregðast þarf við og hvernig best sé að því staðið.

Samþykkt að Skipulagsstofnun vinni tillögur að viðbrögðum og umsögn við athugasemdum sem lögð verði til umræðu á næsta fundi svæðisráðs.

3. Önnur mál.

Fyrir liggur áhættumat siglinga í Seyðisfirði sem VSÓ hefur unnið fyrir Vegagerðina og rýnt hefur verið af Samgöngustofu. Farið var yfir inntak áhættumatsins og möguleg áhrif þess á skipulagstillöguna ásamt öðrum umsögnum sem snúa að siglingum. Mikilvægt er að fá sem fyrst niðurstöðu í hvort einhverjir þættir í tillögunni ógni öryggi siglinga og hefur Innviðaráðuneytið sett málið í forgang.

Magnúsi falið að eiga fund með Innviðaráðuneytinu til að ýta eftir málinu.

Ákveðið var að fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fleira var ekki gert, fundi var slitið klukkan 15:00